

Efni: Umsögn varðandi tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 149. lögjafarþing 2018–2019, þingskjal 19.


Ísáð er til tilkynningar á heimasíðu Alþingis þar sem fram kemur að öllum sé frjálst að senda skriflega umsögn um tillögu að þingsályktun um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.

Eftirfarandi er umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundasvið fagnar tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda og telur stofnun slíkrar ráðgjafarstofu eða „one stop shop“ löngu tímabæra. Þrátt fyrir að fjölmenningsarsetur hafi haft með höndum mikilvæga þjónustu sem áfram verður þörf fyrir kemur hún ekki í stað fyrir ráðgjafarstofu sem staðsett væri þar sem flestir innflytjendur búa og þar sem þeir geta gengið inn af götunni með ólík úrlausnarefni.

Tillagan samræmist vel áherslum *Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd 2018-2022* en fram að þessu hefur skort verulega á möguleika þeirra til að sækja sér upplýsingar og þjónustu við hæfi. Slík upplýsingamiðstöð gefur líka möguleika á því að byggja upp sérfræðipækkingu og nýtingu þekkingarinnar á mun markvissari hátt en nú er gert. Með ráðgjafarstofu gefst tækifæri til að byggja upp teymi sérfræðinga um málefni innflytjenda þvert á þau ráðuneyti eða stofnanir sem nú sinna málefnum þessara hópa. Þá gæfist jafnframt tækifæri til að útbúa miðlægan gagnagrunn með upplýsingum fyrir innflytjendur og fagfólk sem öll sveitarfélög gætu nýtt sér. Í því samhengi má benda á að ekki er fjallað sérstaklega um barnafjölskyldur í tillögu til þingsályktunar en málefni barnafjölskyldna þurfa að eiga fastan sess í verkefnum og starfsemi ráðgjafarstofu. Reynsla skóla- og frístundasviðs m.a. í gegnum starfsemi brúarsmiða sem starfa hjá Miðju máls og læsis í Reykjavíkurborg, sýnir að verulega skortir á upplýsingagjöf og stuðning við foreldra barna um flest það sem viðkemur heilsu, velferð, skóla- og frístundastarfi frá fæðingu til 18 ára aldurs.

Í greinagerð með þingsályktunartillögunni er vísað í skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um greiningu á þjónustu við flóttafólk sem unnin var fyrir innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið 2016 en í þá úttekt vantar alla umfjöllun um velferð, menntun og frístundir barna. Í greinagerð með þingsályktunartillögunni er einnig bent á mikilvægi þess að horft sé til hinna Norðurlandanna og þess fordæmis sem sett er þar í aðlögun flóttafólks. Í því sambandi vill SFS leggja áherslu á mikilvægi aðkomu Menntamálayfirvalda að þróun ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur. Í þeim tilfellum sem um er að ræða barnafjölskyldur í hópi innflytjenda skipta menntamál og velferð barna öllu máli. Í skýrslunni School a Basis for successful inclusion, newly arrived children and young people in the Nordic countries er borið saman hvernig staðið er að móttöku og menntun barna innflytjenda og flóttafólks á norðurlöndunum. Lögð er mikil áhersla á að í skólum sé lagður grunnur að gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og annarra og því þurfi að líta á skólaumhverfið sem vettvang móttöku, aðlögunar og menntunar fyrir nýkomnar fjölskyldur. Ráðgjafarstofa hefur því mikilvægu hlutverki að gegna í miðlun upplýsinga og ráðgjöf til innflytjenda er varða málefni fjölskyldunnar í heild.

 Virðingarfyllst
Helgi Grímsson Sviðssjóri Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur